

Gæðum orðin lífi

*Hvernig hjálpum við nemendum að tileinka sér
orðaforða námsgreina?*



Heimildir:

*Wilfong, L. G. (2013)
Herrell, A. L. og Jordan, M. (2008)
Benjamín, A. og Crow, J.T. (2013)
Khatib, A.T. og Faruqi, L.F. (2012)*

Hugmyndir og fróðleiksmolar

*Helga Hauksdóttir
Skóladeild Akureyrar
ágúst 2013*

Efnisyfirlit

1 Inngangur

2 Hugmyndir og kenningar Lori Wilfong

Veljum sérstaklega orð til að kenna (1)

Finnum leið til að fá nemendur með í virkri og skapandi orðavinnu (2)

Hjálpum nemendum til að finna eigin skilgreiningar og útskýringar á orðum og hugtökum (3)

Metum orðaforða, orðanotkun og skilning nemenda með leiðsagnarmati og lokamati (4)

Að læra orð á annan hátt en út frá samhengi (5)

Notum orðavegg í vinnu með nemendum bekkjarins (7)

Aðgangur að fjölbreyttu lestrarefni (9)

3 Hugmyndir og kenningar Herrell og Jordan

Sýnikennsla – kennari notar bendingar, tónlist og tilbúin sýnishorn

Leikur með orðaforða

Orðasöfn

Viðtalsþáttur – hægt að aðlaga að ýmsum námsgreinum

4 Hugmyndir og kenningar Benjamin og Crow

5 Sögukort Khatib og Faruji

1 Inngangur

Tileinkun orðaforða er stór þáttur þess að tileinka sér nýtt tungumál. Kennarar sem kenna nemendum annað mál leggja einnig mikla áherslu á að kenna þeim orðaforða. Ýmsir fræðimenn hafa glímt við gerð orðaforðaprófa og flest eru þau byggð á orðaforðaprófi Nations (e. *Vocabulary Levels Test*) sem hann birti fyrst árið 1983. Það er hannað til þess að meta umfang orðaforða nemenda í ensku sem öðru máli og þá bæði litið til almenns orðaforða og fræðilegs.

Orðaforða hefur verið skipt niður í flokka til viðmiðunar um hve mikinn fjölda orða einstaklingur þarf að hafa á valdi sínu til að takast á við hin ýmsu verkefni.

Tafla: Nauðsyn á umfangi orðacorða við ýmis verkefni (Schmitt, Schmitt og Clapham, 2001, bls. 55)

Umfang orðaforða	Notkun orðaforða við ýmis verkefni
2000 algengustu orðin	Sá orðaforði sem er nauðsynlegur til að geta átt í munnlegum, daglegum samskiptum við aðra.
3000 algengustu orðin	Þegar 3000 orðum er náð gefur það tækifæri til meiri fjölbreytileika í samræðum, auk þess sem viðkomandi byrjar á lestri ritaðs máls.
5000 algengustu orðin	Flestar rannsóknir sýna fram á að þegar nemandi hefur náð 5000 orðum sé hann fær um að lesa skrifaðan texta, t.d. dagblöð. Þó að mörg orð í textanum séu framandi geti viðkomandi náð samhengi og lesið sér til gagns.
10.000 algengustu orðin	Þegar 10.000 orðum er náð telst nemandi hafa náð yfirgripsmiklum orðaforða og vera hæfur til að takast á við nám á háskólastigi sem nemandi með ensku sem annað mál.
Fræðilegur orðaforði (e. academic vocabulary)	Þegar nemandi vill takast á við fræðilegt nám, þarf hann auk þess sem að ofan er talið, að tileinka sér fræðilegan orðaforða viðkomandi námsgreinar.

Með auknum áhuga á mikilvægi orðaforða og tileinkun hans hafa fræðimenn bent á að fjöldi þeirra orða sem nemandi kann segi ekki nema hálfá söguna. Það sé ekki nóg að mæla **fjölda** orða, heldur þurfi líka að skoða hve **vel** nemendur kunna orðin (e. *depth of knowledge*). Þó að nemandi standi sig vel í prófi sem mælir fjölda orða sem hann kann er ekki víst að sömu niðurstöður fáiast ef mælt er hve vel hann þekkir fjölbreytta notkun orðs eða afleiddar myndir þess.

Á næstu síðum eru dæmi um kennsluáferðir sem vonandi nýtast kennurum við að hjálpa nemendum að tileinka sér orðaforða námsgreina. Þessar áferðir henta einnig vel fyrir íslenska nemendur og geta verið skemmtileg tilbreyting í bekkjarkennslu við hin ýmsu viðfangsefni nemenda og kennara.

2 Hugmyndir og kenningar Lori Wilfong

	Petta gerum við og þetta forðumst við!
1.	Veljum sérstaklega orð til að kenna.	Að útbúa orðalista sem nemendur eiga að læra án þess að kenna orðin sérstaklega.
2.	Finnum leið til að fá nemendur með í virkri og skapandi orðavinnu.	Að láta nemendur leita að merkingu orða í orðabók og skrifa hana upp án útskýringa eða að láta nemendur skrifa tilviljanakenndar setningar sem ekki er unnið sérstaklega með.
3.	Hjálpum nemendum til að finna eigin skilgreiningar og útskýringar á orðum og hugtökum.	Að láta nemendur skrifa upp skilgreiningar án útskýringa og samræðna.
4.	Metum orðaforða, orðanotkun og skilning nemenda með leiðsagnarmati og lokamati	Að leggja fyrir próf þar sem aðeins reynir á minni nemenda, t.d. á skilgreiningum eða með krossaspurningum.
5.	Kennum nemendum fjölbreyttar leiðir, aðrar en að skoða samhengi orðs í setningu, til að finna orð sem þeir skilja ekki (stofn, skyldleiki mála).	Að segja nemendum að nota aðeins þá leið að reyna að finna samhengið, þegar þeir skilja ekki tiltekið orð í texta.
6.	Notum myndir og tákn til að gæða orðin lífi.	Að hafa engar myndrænar útskýringar og að hafa ekki mikilvæg orð (markorð) sýnileg í kennslustofunni.
7.	Notum orðavegg í vinnu með nemendum bekkjarins.	Að hafa ekki – eða nota ekki – orðavegg í kennslustofunni.
8.	Kennum nemendum fræðileg orð og hugtök (t.d. orð vikunnar). Höfum þau uppi og ræðum merkingu þeirra og gefum nemendum tíma til að „melta“ þau og læra.	Að kenna orð og hugtök sem einangraðan þátt kennslunnar aðeins í íslenskutímum.
9.	Höfum greiðan aðgang að fjölbreyttu lestrarefni fyrir nemendur, svo að þeir vinni með ólíkan orðaforða af ýmsum sviðum.	Að kenna aðeins orðaforða námsbóka og þeirra bóka sem allur bekkurinn er að nota.
10.	Höfum fræðilegan og vandaðan orðaforða alltaf sýnilegan og látum í ljós miklar væntingar til nemenda um notkun hans.	Að nota „barnamál“ í tímum og að leyfa nemendum að nota það í samskiptum.

(Wilfong, L. 2013. *Vocabulary strategies that work. Do this, not that.* Larchmont, NY: Eye on Education)

Veljum sérstaklega orð til að kenna (1)

Lori Wilfong segir að raunhæft sé að ætla nemandan að læra um **10** ný orð á viku með þeim hætti að hann skilji vel merkingu þess og geti yfirfært notkun þess á annað samhengi (Scott, Jamieson-Noel & Asselin, 2003).

Leið eitt:

Góð byrjun er að hugsa um orð í þrepum, þannig að þau auðvelustu séu í neðsta þrepi og þau þyngist síðan þrep af þrepi.

1. þrep – algeng orð: þau lærir nemandinn í gegnum samskipti við aðra og í almennum lestri.
2. þrep – margræð orð: orð sem hafa fleiri en eina merkingu.
3. þrep: - sérhæfð orð sem notuð eru innan námsgreina

Kennari sem er að ræða um þjóðhátíðardag Íslendinga getur verið með hugstormun um það sem nemendum dettur í hug. Í kassann geta komið ýmis ólík orð:



Orðin eru svo flokkuð niður 1., 2. eða þriðja þrep. Þar með fær kennarinn gott tækifæri til að kenna sérstaklega þau orð sem eru mikilvæg í sögu lands og þjóðar.

1. þrep: blöðrur, frídagur, skrúðganga, lúðrasveit, pylsur, ræða
2. þrep: blaðra /blöðrur (blaðra, blása í blöðru, brunablaðra, þvagblaðra, gallblaðra)
3. þrep: lýðveldi, sjálfstæðisbarátta, Jón Sigurðsson, forseti, fjallkona, íslenski fáninn

LEIÐ TVÖ:

Fisher og Frey (2011) útbjuggu spurningalista fyrir kennara til að aðstoða þá við að velja réttu orðin til að kenna.

1. Dæmigert orð: Er erfitt að skilja orðið?
2. Endurtekning: Verður orðið notað aftur?
3. Nýting: Nota nemendur orðið í skrifum eða samtölum um efnið?
4. Samhengi: Getur nemandi fundið merkingu orðsins út frá samhengi í setningu?
5. Yfirfærsla á milli tungumála : Er orðið af sama stofni (latneskum/grískum) í fleiri málum?
6. Hámarki náð. Hvað eru komin mörg orð sem nemandinn þarf að læra?

Kennari fer yfir kennslubókina og hugtök sem hann leggur áherslu á í kennslu og skrifar þau upp. Síðan veltir hann fyrir sér spurningunum hér að ofan og merkir við þau orð sem hann ákveður að leggja áherslu á í hverri kennslustund út frá því hvernig hann svarar spurningunum.

Kennslustund 1	Gjall, jarðskjálfti, bergkvika, skjálftamiðja, hraun
Kennslustund 2	Jarðfræðingur - jarðskorpuhreyfingar
Kennslustund 3	Skorpa – möttull – lofthjúpur, kjarni, gufuhvolf
Kennslustund 4	Flæðiland – jarðvegseyðing - framburður - jökulrákir
Kennslustund 5	Flóðbylgja – botnfall -

Leið þrjú:

Fáið nemendur í lið með ykkur. Búið til eyðublað þar sem þið eruð búin að skrifa upp lista með þeim orðum/hugtökum sem þið viljið leggja áherslu á og kenna vel. Biðjið nemendur að merkja við hvort þeir hafi séð orðin áður og hvort þeir skilji þau. Ef nemandi hefur einhverja hugmynd um orðið reynir hann að gera grein fyrir því eða teikna skýringarmynd í aftasta dálkinn.

dæmi:

Orð	Ég skil orðið	Sannaðu það!	Ég hef séð orðið eða heyrð það áður	Hef enga hugmynd
Gleitt horn				
hornasumma				
samsíðungur				

Finum leið til að fá nemendur með í virkri og skapandi orðavinnu (2)

Wilfong leggur áherslu á að kennarar fái nemendur með sér í ýmsa vinnu með orð og auki þannig virkni þeirra og dýpri skilning. Ein góð leið til þess er að nota hugtakakort sem hægt er að byggja upp á ýmsan hátt og með ólíkum áherslum. Nokkur dæmi um form ólíkra hugtakakorta eru á næstu síðum.

Að læra og skilja – ekki bara muna !

(Form Frayers)

Skilgreining með eigin orðum	Einkenni /staðreyndir um orðið
Dæmi um notkun	Á ekki við um orðið

(Heimild: Wilfong, L. 2013, bls. 19. HH)




Fólk eða hlutir	Tengd eða skyld orð	Mynd
Samheiti	Orð eða hugtak	Andheiti
Setning úr textanum	Setningin mín	




Hugtakakort

Hvað er þetta?
(yfirheiti)

Hvernig er það?
(lýsing)



Það sem er líkt og ólíkt með hugtökum



(heimild: Wilfong, L. 2013, bls. 26. HH)

Hjálpum nemendum til að finna eigin skilgreiningar og útskýringar á orðum og hugtökum (3)

Áhersla á að vera ekki að skrifa skilgreiningar beint upp úr orðabók, heldur geta nemendur rætt saman og fundð eigin skilgreiningar og skrifað hjá sér til að auðvelda sér að festa orð og hugtök í sessi. Hægt að útbúa „orðaspjöld“ sem nemendur geta svo fest upp á vegg, kennari getur tekið að sér að skanna þau og senda nemendum rafrænt o.fl. í þeim dúr.

Dæmi:

<p>Jarðfræðingur</p> <p>..... er maður sem rannsakar fjöll og steina</p>	
--	---

Metum orðaforða, orðanotkun og skilning nemenda með leiðsagnarmati og lokamati (4)

Wilfong leggur áherslu á að mat sé lagt á skilning nemenda og hæfni í að nota málið við lausn verkefna, fremur en að kanna aðeins minni á staðreyndum eða utanaðbókarlærðum skilgreiningum.

Aðferðin **think – pair – share / hugsum – ræðum – deilum** er mjög góð til þess að hjálpa nemendum til að forma svör við spurningum kennara og reyna svörin í samræðum við sessunaut, áður en þeir svara (Wilfong. 2013, bls. 39). Vinna nemenda getur bæði verið skrifleg og munnleg og kennari þarf að leggja áherslu á að hann ætlist til þess að hugtök sem tengjast efninu komi fram í svörum nemenda. – Kennari gæti einnig skrifað upp nokkur hugtök sem hann vill að nemendur sýni að þeir skilji og noti í svörum sínum. Það getur verið gott fyrir kennara að nýta sér þessar leiðir í leiðsagnarmati, bæði á hugtakaskilningi og víðari þekkingu á efninu.

Dæmi um eyðublað sem nemendur geta notað:

Spurning /staðhæfing	Það sem mér datt í hug	Það sem sessunaut mínum datt í hug	Það sem við viljum segja
Hvað gera jarðfræðingar?			
Hvers vegna verða jarðskjálftar?			
Hvað merkir hugtakið skjálftamiðja?			
Nafn Nafn sessunautar dags.			

Dæmi um viðmið kennara í leiðsagnarmati:

	3	2	1
Notkun viðeigandi hugtaka námsgreinar (fræðileg hugtök).	Nemandi notar flest mikilvæg hugtök á réttan hátt í umfjöllun sinni (skriflega – munnlega) sem auka við gildi textans.	Nemandi notar einhver hugtök sem varpa skýrara ljósi á viðfangsefnið.	Nemandi notar fá eða engin fræðileg hugtök sem tilheyra efninu.

Að nota samhengi texta til að læra merkingu orða

Sjálfsgagt er að nota þessa gömlu og góðu leið til að kenna nemendum að velja orð sem passa inn í samhengi og skilja merkingu þeirra. Þetta er einnig góð leið í leiðsagnarmati (Wilfong, 2013, bls. 41-42).

Dæmi:

Lestu þennan texta:

Jón blandaði saman ferskum mintulaufum, sykri og vatni í potti. Hann hrærði í blöndinni í langa stund til þess að **framleiða** nýtt mintukrydd á lambakjöt.

Hvað merkir orðið framleiða?

- A Prófa
- B Búa til
- C Bragða
- D Ímynda sér

Önnur leið er að fella orð burt úr samfelldum texta og fá nemendur til að finna það orð sem vantar. Þá er bæði hægt að setja „orðabanka“ fyrir ofan textann eða hafa val við hverja eyðu.

Dæmi:

Notaðu orðabankann hér fyrir neðan og settu rétt orð í eyðurnar:

Orðabanki: *aðgerð – kallaðar - varkár – jafngildar - jöfnur*

Hvað er jafna?

Í jöfnu þurfa báðar hliðar að vera í jafnvægi. Þess vegna þarft þú að vera _____ þegar þú leysir jöfnu og framkæma sömu _____ á báðum hliðum hennar. Þegar tvær _____ hafa sömu lausnina eru þær _____ jafngildar jöfnur. Til dæmis eru jöfnurnar $X=5$ og $X-5=0$ _____ .

Dæmi:

Hvað er jafna?

Í jöfnu þurfa báðar hliðar að vera í _____ . Þess vegna þarft þú að vera

(sömu lengd, jafnvægi, lausn)

_____ þegar þú leysir jöfnu og framkæma sömu _____


(stuttur, varkár, í jafnvægi)

(lausn, niðurstaða, aðgerð)

á báðum hliðum hennar.

Að læra orð á annan hátt en út frá samhengi (5)

Wilfong og fleiri benda á að oft sé mjög erfitt fyrir nemendur að nota aðeins samhengi í málsgrein til að finna merkingu óþekkt orðs. Kennarar geta hins vegar bent á aðrar leiðir, t.d. að nota stofn orða og læra þá fleiri skyld orð námsgreinar samtímis. Þannig væri hægt að búa sér til „orðatré“ og safna þar saman orðum af sama stofni og ræða merkingu þeirra.



Notum orðavegg í vinnu með nemendum bekkjarins (7)

Wilfong (2013, bls. 85-86) segir orðavegg vera það fyrsta sem hún ráðleggi kennurum í vinnu með orðaforða nemenda. Markmiðið sé hins vegar ekki aðeins að hafa orð sýnileg uppi á vegg, heldur þurfi að vinna með þau á markvissan hátt. Hún vitnar til Fisher og Frey (2008) sem segja að vel nýttir orðaveggir stuðli að sjálfstæði nemenda í lestri og ritun og bæti árangur á prófum.

Ýmsar leiðir eru til þess að auðvelda vinnu með orðin á veggnum. Wilfong (2013, bls. 88-89) bendir t.d. á að ef orðin eru alltaf fest á vegginn með einhvers konar lími sé erfitt að grípa þau niður til að láta nemendur vinna með þau. Hún bendir því að aðrar leiðir, t.d. þá að festa þakrennu (☺) á vegginn og raða orðaspjöldunum niður í hana. Þá sé fljótlegt að grípa orðin, endurraða þeim og færa til að vild.

Skilgreining Wilfong (2013, bls. 86) á orðavegg er einföld: „**Safn orða sem styðja við nám og máltileinkun nemenda, uppi á vegg einhversstaðar í kennslustofunni.**“ Það fer síðan eftir markmiðum kennslunnar hvernig notkun hans er útfærð á dýptina, til gagns fyrir nemendur. Tilgangurinn getur t.d. verið:

- Sýnilegt orðakort fyrir kennara og nemendur. Orð á veggnum minna alla á hvað hefur verið til umræðu og benda á ýmsa mikilvæga þætti umræðunnar.
- Eykur sjálfstæði. Nemendur nota orðin sér til aðstoðar í lestri, ritun og umræðum. Flest orðin á orðaveggnum hafa verið kennd með formlegum hætti og minna nemendur því á umræðu í bekknum.
- Áhersla á þátttöku og val nemenda. Bestu orðaveggirnir koma frá nemendum sjálfum.

Þrjár algengustu gerðir orðaveggja eru:

- Orðaveggur með algengustu orðum tungumálsins og í upphafi náms fylgjast nemendur með því hvað þeir hafa lært mörg orð.
- Orðaveggur með orðum sem eru erfið í stafsetningu eða framburði og þarf að minna á.
- Orðaveggur með orðaforða námsgreina og tengist viðfangsefnum hverju sinni (Wilfong, 2013, bls. 87). Dæmi um slíkan orðavegg:



Fólksflutningar

fátækt	ferðalag	betra líf	frelsi	menning
tungumál	hætta	bátar	flóttamenn	
innflytjendur	hræðsla	stríð	kvíði	náttúruhamfarir

Flokkun

Ástæður fólksflutninga: Fátækt, náttúruhamfarir, stríð.

Það sem fólk flytur með sér til nýrra heimkynna: Menning, tungumál.

Tilfinningar innflytjenda: Kvíði, hræðsla, von um betra líf, frelsi.

Önnur orð: Hætta, ferðalag, bátar, flóttamenn, innflytjendur.

Mynd: Orðaveggur tengdur orðaforða samfélagsgreina (Wilfong, 2013, bls. 90).

Wilfong leggur áherslu á að vinna með orðin á fjölbreyttan hátt. Kennari getur fjarlægt orð og nemendur þurfa að finna út hvaða orð eru horfin, nemendur geta dregið orðaspjald og fá eitt stig fyrir að geta skrifað orðið rétt, annað fyrir að geta útskýrt merkingu þess og það þriðja fyrir að geta formað setningu með orðinu. Stundum er hægt að finna andheiti orðsins eða samheiti. Loks er hægt að myndskreyta orðið til að festa það betur í sessi en Wilfong leggur áherslu á að nemendur noti sem flestar leiðir til þess að festa orðin í huga sér (Wilfong, 2013, bls. 91-92).

Til minnis:

Aðgangur að fjölbreyttu lestrarefni (9)

Wilfong ítrekar mikilvægi þess að kennarar gefi nemendum tækifæri á því að lesa annan texta en grunnnámsefni. Hún bendir bæði á „bundið val“ þar sem nemendur geta lesið efni sem tengist náminu beint og frjálst val, þar sem hver og einn velur eftir áhugasviði sínu.

Hér fyrir neðan eru tvöslags form sem eru hugsuð til að aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir því sem þeir hafa lesið; hvað hafa þeir skilið, hvernig geta þeir tengt efnið við fyrri þekkingu sína og hvað hafa þeir lært. Í öðru þeirra er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir aðalatriðum kaflans en í „keiluförminu“ eiga nemendur að reyna að tengja efnið við fyrri þekkingu sína, setja fram tvær spurningar sem vakna og skrifa niður þrjár staðreyndir eða mikilvæga þætti úr kaflanum.

Gott er fyrir kennara að nota þessar leiðir í leiðsagnarmati og til að gera sér grein fyrir skilningi nemenda á texta.

Þetta er mikilvægast

Nafn _____ dags _____

Það sem er mikilvægt!

Hugsðu nú um kaflann sem þú varst að lesa og það sem er allra mikilvægast. Síðan skrifar þú tvö önnur atriði sem þér finnast líka mikilvæg. Neðst skrifar þú svo aftur það sem var allra mikilvægast.

Það sem er allra mikilvægast að muna um _____

er _____

Annað sem er líka mikilvægt og ég ætla að muna er:



1. _____

2. _____

En það sem er **allra mikilvægast** er: (endurtekning á því sem nem. skrifaði fyrst)


Lestrarkeilan mín

Bók: _____

Ein tenging

Tvær spurningar

Þrjár
staðreyndir



3 Hugmyndir og kenningar Herrell og Jordan

Sýnikennsla – kennari notar bendingar, tónlist og tilbúin sýnishorn

Ein algengasta og mikilvægasta leið kennara í kennslu barna sem eru að tileinka sér nýtt mál er að nota bendingar um leið og útskýrt er í orðum og vera með sýnishorn af því hvernig afrakstur vinnu á að líta út. Þá er stuðlað að því að nemendur séu meira sjálfbjarga og að kennarinn geti einbeitt sér mest að þeim nemendum sem eru í mál-og ritunarhluta vinnunnar.

Dæmi úr líffræðikennslu:

Kennari yngri barna ætlar að ræða við nemendur um froska, útlit þeirra og lífshætti. Hann skipuleggur verklega vinnu nemenda sem hann útskýrir í upphafi með sýnishornum – býr til frosk og festir hann á töfluna svo allir sjái hvernig hann á að líta út. Nemendur búa til froska og þegar þeir eru búnir koma nokkrir í einu að hópborði þar sem kennari situr og ræðir við nemendur um orð sem hægt er að nota til að lýsa froski. Nemendur skrifa svo orðin sem þeir læra á tunguna á froskinum sínum.

Hvernig bý ég til frosk?

1. Klippið út hring (eins og disk) úr grænu kartoni og brjótið í miðju.



2. Klippið út tvo hvíta hringi fyrir augu



3. Klippið út tvo svarta hringi fyrir augasteina



4. Límið augun á froskinn



5. Vefjið rauðan pappírsrenning um blýant til þess að vinda hann upp (tungan í froskinn)



6. Límið tunguna inn í munninn á froskinum.



Froskur er grænn, étur litlar pöddur, er slímugur

Nemandinn skrifar svo það sem hann ætlar að muna um froskinn á tunguna, eftir að hafa rætt við samnemendur / kennara.

Sömu aðferð er hægt að nota til að kenna nemendum orðaforða sem snúa að plöntum (jurt, blóm, stöngull, laufblöð o.fl.).

Leikur með orðaforða

Markmið 1: Að nota málið til félagslegra samskipta

Markmið 2: Að nota málið til að tileinka sér sértækan orðaforða (e. *academic vocabulary*)

Markmið 3: Að nota málið á viðeigandi hátt, félags- og menningarlega

Þessi aðferð er hugsuð til að fá nemendur til tengja nýjan orðaforða við fyrri reynslu og kunnáttu. Nýr orðaforði er kynntur og nemendur fá tækifæri til að ræða hann, nota hann í litlum hópum og setja hann í eitthvert samhengi og flytja nýjan texta fyrir samnemendur.

Dæmi um lesefni í samfélagsfræði sem kennari les fyrir nemendur:

Fiskeldi

Fiskar eru hryggdýr með kalt blóð sem lifa í sjó og fersku vatni.

Karldýrið heitir hængur.

Kvendýrið heitir hrygna.

Afkvæmið heitir seiði.

Hafdís og Sævar búa á Brú. Þau ala seiði í kerjum og tilbúnum tjörnum. Áður slepptu þau seiðunum í ána sem rennur um landið þeirra. Þau nýttu vatnið í ánni sem botnfrýs ekki yfir veturinn. Ef vatnið frýs þá deyr fiskurinn. Nú ala þau fiskinn í kerjum þar til þau slátra honum.

Hafdís og Sævar ala bleikju, en vinir þeirra ala lax og regnbogasilung. Þessar þrjár fisktegundir eru hentugar til fiskeldis hér á landi.

Afurðir

Þegar fiskinum hefur verið slátrað er hann seldur ferskur eða unninn, t.d. reyktur, eða grafinn eins og graflax. Vörurnar eru seldar innanlands í verslanir og veitingahús eða til útflutnings (Helga Ólafsdóttir, Sigrún Bjarnadóttir, Iðunn Steinsdóttir. 2001, bls. 45. Í sveitinni með Æsu og Gauta. Reykjavík: Námsgagnastofnun).

**Orð sem tengjast
vatni eða sjó**

Hafdís
Sævar
ferskt
sjór
tjörn
á
vatn

**Orð sem tengjast
atvinnu**

Vörur
innanlands
verslun
veitingahús
útflutningur

Orð sem eru lýsandi

Ferskur
unninn
reyktur
grafinn

**Orð sem
tengjast líffræði**

hryggdýr
Karldýr
kvendýr
afkvæmi
hængur
urta
seiði

Aðferðin skref fyrir skref:

1. Ákveðið hvaða orð þið ætlið að leggja áherslu á í kennslunni og skrifið hvert orð á spjald
2. Kennið kennslustundina, lesið kaflann upphátt fyrir nemendur eða nemendur skiptast á um að lesa. Stoppið þegar þið komið að merktum orðum, sem á að kenna, ræðið þau og útskýrið á myndrænan hátt eins og hægt er. Haldið spjaldinu með orðinu uppi um leið og það er rætt og skýrt. Lesið svo síðuna aftur í heild til þess að leggja áherslu á samhengi textans.
3. Tengjið lykilorðin á spjöldunum við reynslu nemenda. Sýnið eitt kort í einu og spyrjið hvort nemendur muni hvernig hægt sé að nota orðið. Notið tækifærið til að tala um margræðni orða eða samheiti og andheiti (t.d. ferskur / nýr – mannsnafnið Sævar og no. sær um sæ frá sæ til sævar).
4. Skiptið lykilorðunum í einhverja flokka, t.d. eins og hér að ofan með hjálp nemenda. Hvaða orða tengjast vatni, hvaða orð lærum við um í líffræði o.s.frv.
5. Hafið orðin sýnileg í flokkunum og hvetjið nemendur til að nota þau þegar þau skrifa stuttar setningar um efnið
6. Skiptið bekknum í 3ja- 4ra manna hópa og látið hvern hóp hafa spjöld með fjórum orðum. Hvetjið hópana til að búa til og skrifa niður stutt samtal þar sem öll orðin þeirra eru notuð.
7. Hóparnir fá að flytja sín samtöl og geta notað einfalda leikmuni ef þeir vilja. Ræðið um notkun lykilorðanna eftir flutning hvers hóps.
8. Leggið áherslu á að hægt er að nota orðin í ólíkum setningum, á margræðni og andheiti eða önnur sérkenni orðanna sem um ræðir hverju sinni.


Orðasöfn


Orðasöfn eru hugsuð til að safna saman orðum sem hafa líka merkingu og auðvelda nemendum að skilja orð þegar þau heyra þau í daglegri notkun. Í þessari vinnu gefst líka gott tækifæri til að benda á margræðni (t.d. fé sem getur bæði verið sauðfé og peningar).


Dæmi:


<u>Vindur</u>	<u>Úrkoma</u>	<u>Kind</u>	<u>Að hreyfa sig</u>
Blær andvari gola strekkingur stormur rok hvassviðri	Rigning skúr úrfelli slydda snjókoma hagl	Kind hrútur lamb ær rolla fé	Ganga labba skokka hlaupa rölta tölta


Á sama hátt er hægt að vinna með margræð orð (um að gera að hafa þau líka myndræn).

Horn  horn í stærðfræði (gleitt, þröngt, rétt)
horn (brauð)
horn (götuhorn)
horn (í herbergi)
horn (á dýri, t.d. geit, hrúti)
horn (málmblasturshljóðfæri)

Pera  pera í ljósi eða lampa
pera er ávöxtur

Mús  mús er lítið nagdýr
mús, til að hreyfa bendil í tölvu
mús - kartöflumús

Fé  kindur
peningar

Hæð  hæð, háprýstisvæði (veðurfræði)
hæð, í landslagi
hæð, í húsi (að búa á 3. hæð)
hæð, ná fullri hæð (fólk)

Viðtalsþáttur – hægt að aðlaga að ýmsum námsgreinum

Til þess að auka fjölbreytileika kennslu, styðja við tjáningu, orðaforða og upplifun nemenda á tilteknu námsefni er hægt að hafa eitt verkefni í formi viðtalsþáttar. Hægt að aðlaga flestum námsgreinum og aldurstigum, sjá dæmi:

Aldur	Námsgrein	Efni í viðtalsþátt
Yngstu nemendur	Lestur	Viðtal við sögupersónu úr bókinni
Miðstigi	Saga	Viðtal við Ingólf Arnarson
Unglingastigi	Samfélagsfræði	Viðtal við einstakling sem tengist fréttum
Unglingastigi	Saga	Viðtal við Neil Armstrong, geimfara

Hér að neðan er dæmi um eina útfærslu, þar sem nemendur á miðstigi eru að læra um landnám Íslands:

Framkvæmdin stig af stigi:

1.

Kennari kynnir hentugt viðfangsefni sem nemendur geta aflað sér upplýsinga um, t.d. í bókum eða á netinu.

2.

Kennari útskýrir umgjörð viðtalsþátta og hvernig þeir fara fram og vísar til einhvers sem nemendur þekkja, t.d. Kastljóss eða erlendra viðtalsþátta. Hann fær einn nemanda til aðstoðar og tekur viðtal við hann um einhvern atburð sem nemendur hafa tekið þátt í, t.d. síðasta bekkjarkvöld. Áður en hann byrjar viðtalið biður hann alla nemendur um að koma með hugmyndir að spurningum og skrifar þær upp á stórt blað eða töflu. Hann hjálpar einnig til við að forma spurningar þannig að viðmælandi geti ekki svarað aðeins játandi eða neitandi. Kennari tekur svo viðtal við nemandann. Síðan biður hann annan nemanda um að koma og sýna með leikrænni tjáningu eða myndum (e. *interpret*) efni viðtalsins. Kennari bendir á ýmsar leiðir til sjónrænnar túlkunar, t.d. myndir í Power point forriti, táknmál, leikræna tjáningu, ljósmyndir, teikningar o.fl.

3.

Nú er komið að vinnu nemenda. Kennari skiptir öllum nemendum í þriggja manna hópa og deilir út viðfangsefnum fyrir viðtal. Hver hópur skiptir með sér hlutverkum; fréttamaður, viðmælandi hans og túlkur. Hóparnir byrja á því að vera með hugstormun um heppilegar spurningar sem þeir vilja leggja fyrir viðmælendur sína. Hér eru dæmi um spurningar sem lagðar eru fyrir Ingólf Arnarson og hvernig best er að forma þær:

Einkenni opinna spurninga útskýrð fyrir nemendum:

Opnar spurningar	Spurningar sem hægt er að svara með einu orði
Segðu mér frá ferðalaginu frá Noregi til Íslands.	Var erfitt að sigla yfir hafið frá Noregi til Íslands?
Hverjir voru um borð í skipinu með þér?	Voru ekki margir í skipinu með þér?
Hvað þurftuð þið að gera þegar þið komuð að landi?	Voruð þið fegin þegar þið komuð að landi?

Hópurinn hjálpast síðan að við myndræna útfærslu viðtalsins. Hlutverk túlksins er fyrst og fremst að útvíkka hið talaða mál, höfða til sjónrænnar skynjunar og minnis og útskýra fyrir nemendum bekkjarins sem hafa litla kunnáttu í málinu.

4.

Loks er komið að því að sýna viðtalið fyrir bekkinn. Það má einnig útfæra á annan hátt, t.d. með því að taka viðtalið upp og sýna það svo (Herrell og Jordan, 2008, bls. 199-200).

Til minnis:

4 Hugmyndir og kenningar Benjamin og Crow

Orðalisti

1. **Almennur, víðtækur orðalisti:** Innan þessa lista eru orð sem eru sameiginleg með mörgum námsgreinum og nemendur þurfa að nota hjá mörgum kennurum en eru ekki endilega hluti af daglegum orðaforða. Þessi orð eru greind nánar niður eftir hlutverki og notkun:
 - a) Orð sem tengjast ýmiskonar verkefnavinnu: Að greina, skýra, segja frá, sanna, afsanna, o.fl.
 - b) Orð sem koma á tengingum á milli þátta sem nemendur eru að vinna með: Þess vegna, samkvæmt því, enn fremur, þar að auki, hins vegar o.fl.
 - c) Orð um stærðir og víddir: Afstaða, samhliða, nálægð, fjarlægð o.fl.
 - d) Orð um það hvernig við hugsum um verkefni: Yfirhugtak, undirstaða, til bráðabirgða o.fl.
 - e) Orð sem tengjast skipulagi: Sundurliða, skipta, útiloka, stefna, kafli, hluti o.fl.
 - f) Orð um hugmyndir: Ágiskun, óhlutstæður, útdráttur, samantekt, fullyrðing o.fl.
 - g) Orð um orsök og afleiðingu: Að hafa áhrif á, niðurstöður, gagnvirkni, áhrif o.fl.
 - h) Orð um ferli: Safna saman, vinna úr, setja fram, koma í veg fyrir o.fl.
 - i) Orð um magn af ýmsu tagi: Summa, gráða, stig, hverfandi, hámark, gildi o.fl.
 - j) Orð um tíma og skipulag: Samtímis, fyrri, skammur, tímabundinn, sjálfstæður, raunverulegur o.fl.
 - k) Orð um kerfi: Svið, vettvangur, kjarni, heild o.fl.
 - l) Orð um breytingar og stöðugleika: Hraði, hraðabreytingar, ummyndun, umbreyting, stöðugleiki, hreyfing o.fl.
2. **Orð sem tengjast bókmenntum, lestri og læsi:** Tilvitnanir, sjaldgæf eða gömul orð eða orð sem tengjast skáldskap og ýmiskonar myndmáli.
3. **Orð sem tengjast hverri námsgrein sérstaklega** og nemendur nota, t.d. í glósum.
4. **Áhugaverð orð:** Orð sem við rekum augun í við lestur dagblaða, í ræðum, umræðum fólks og okkur langar til að þekkja og nota.

Mikilvægt er að kenna nemendum ekki aðeins að þekkja einn „flöt“ orða, heldur sem flestar birtingarmyndir þeirra. Þetta leggja Benjamin og Crow einnig áherslu á og skýra með myndrænum hætti:



Mynd 2: Frá fyrstu sýn til fjölbreyttrar notkunar á orðaforða (Benjamin og Crow, 2013, bls. 35).

Stig af stigi lærist dýpri merking orðsins og að yfirfæra það á milli setninga sem hafa ólíkar merkingar.

Til minnis:

5 Sögukort Khatib og Faruji

Khatib og Faruji (2012, bls. 1114) greina frá rannsókn um mikilvægi þess að nota myndrænt sögukort (e. *story maps*) til þess að auka við orðaforða íranskra nemenda sem lærðu ensku sem annað tungumál. 60 nemendur af báðum kynjum á aldrinum 16 – 30 ára tóku þátt í rannsókninni en þeir höfðu allir fengið álíka útkomu úr TOEFL prófi sem er alþjóðlegt stöðupróf í ensku. Bæði rannsóknarhópur og viðmiðunarhópur tóku þátt í orðaforðaprófi áður en rannsóknin hófst. Báðir hópar tóku síðan þátt í 8 kennslustundum þar sem lesnar voru smásögur (e. *short stories*). Rannsóknarhópurinn notaði sögukort til að vinna með eftir lestur hvernar sögu en viðmiðunarhópurinn fékk hefðbundnar spurningar úr efninu. Báðir hópar tóku síðan þátt í orðaforðaprófi í lok rannsóknarinnar. Rannsóknargögn leiddu í ljós marktækan mun á frammistöðu rannsóknarhópsins sem sýndi mun betri árangur á síðara lesskilningsprófinu.

Khatib og Faruji (2012, bls. 1115) benda á ýmsa kosti þess að nota smásögur til kennslu nemenda sem eru að tileinka sér annað mál. Þeir vitna til Greene (1996) sem segir að einkenni góðrar smásögu sé t.d. einfalt, skýrt þema og trúverðug persónusköpun með skýrum dráttum sem geri söguna skýra fyrir lesandanum. Atburðarásin sé úthugsuð og þemað höfði oft vel til barna og unglunga. Á sömu nótum er vitnað til Eren (2004) sem segir að smásögur séu líklegar til að auka sjálfstraust nemenda og tilfinningu fyrir því að ná góðum tókum á viðfangsefninu og geta lokið því. Þess vegna eigi kennarar líka að nota smásögur óbreyttar en ekki aðlagaðar eða einfaldaðar, því það sýni nemendum að þeir geti lesið sögu sem sé skrifuð fyrir innfædda.

Notkun á sögukortinu virtist auðvelda nemendum að kalla fram þá þekkingu sem þeir höfðu náð við lestur sögunnar og gera námið skilvirkara. Sögukortið brýtur söguna niður í hluta og persónur, umhverfi, samtöl eða atburði niður í einingar sem hjálpa nemendum til að ná utan um innihald sögunnar og skilja atburðarás hennar. Með því að nota sögukort og spyrja viðeigandi spurninga hvatti kennarinn nemendur til að draga ályktanir úr textanum og fylla inn í kortið. Viðbót við orðaforða verður samfara því að nemendur einbeita sér að **skilningi** á texta sögunnar og það reynir á dýpri skilning sögunnar við að fylla inn í sögukortið.

Nemendur í viðmiðunarhópnum sem ekki studdust við sögukort, fengu beinar staðreyndaspurningar úr sögunni og gátu leitað svörin uppi, án þess að dýpri skilningur væri endilega mikill (Khatib og Faruji, 2012, bls. 1118).

Persónur:

Tími og umhverfi:

Vandamál /átök:

Helstu þættir úr atburðarás:

Samantekt / Lausn:

Lærdómur / boðskapur sögunnar:

(Dæmi um uppsetningu sögukorts (Khatib og Faruji, 2012, bls. 1120. / HH).

Til minnis:
